

MINNISBLAÐ

Sveitarstjóra

NÓVEMBER



Rangárfing
eystra

Anton Kári Halldórsson

Að venju stikla ég hér á stóru um nokkur af þeim helstu verkefnum sem við hjá Rangárþingi eystra og aðrir í sveitarfélaginu okkar höfum verið að fást við að undanfögnu.



Dorsteinslundur

SASS þing í Hveragerði

Dagana 31. október til 1. nóvember var haldið ársþing Samtaka sunnleuskra sveitarfélaga í Hveragerði. Um 100 fulltrúar 15 sveitarfélaga á Suðurlandi tóku þátt í þinginu. Samhliða þinginu eru einnig haldnir aðalfundir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Eitt af meginverkefnum ársþings samtakanna er að bera upp ályktanir varðandi ýmis mál sem brýnt er að ráðast í, landshlutanum öllum til hagsbóta. Sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi hafa frá því í byrjun hausts starfað í málefnanefndum við undirbúning að ályktunum til að leggja fram á ársþingi. Í því felst talsverð vinna sveitarstjórnarmanna og vil ég þakka sveitarstjórnarmönnum í Rangárþingi eystra sérstaklega fyrir þá vinnu í aðdraganda þingsins.

Í ár voru bornar upp og samþykktar þó nokkrar ályktanir í mikilvægum málaflokkum m.a. í samgöngumálum, mennta- og menningarmálum, umhverfis- og skipulagsmálum, atvinnumálum og velferðarmálum. Það er mikilvægt fyrir okkur Sunnlendinga að standa saman sem ein heild til að sýna styrk og ljá málum brautargengi, því með samstöðunni verður rödd okkar mun sterkari og uppbygging svæðisins í heild kemur öllum til góða og eykur okkar lífsgæði.



SASS
SAMTÖK
SUNNLEUSKRA
SVEITARFÉLAGA

Menningarverðlaun Suðurlands

Í tengslum við ársþing SASS hefur myndast sú hefð að veitt eru menningarverðlaun Suðurlands og voru verðlaunin nú veitt í sjötta sinn. Alls bárust 11 tilnefningar til verðlaunanna að þessu sinni.

Ljóst var að dómnefnd sem skipuð er fulltrúum sveitarfélaga á Suðurlandi átti erfitt starf fyrir höndum þar sem gróska í menningarlífi Sunnlendinga er gríðarleg og margir skara fram úr á því sviði.



Það er gaman að segja frá því að í ár komst dómnefndin að þeirri niðurstöðu að Menningarverðlaun Suðurlands árið 2024 hlyti Ingibjörg Erlingsdóttir, tónlistarkennari, tónlistarkona, kórstjóri og frumkvöðull á sviði tónlistar.

Við sem þekkjum til Ingibjargar og hennar starfa vitum að hún er svo sannarlega vel að þessum verðlaunum komin. Ingibjörg lifir og hrærist í tónlist hvort sem er með börnum eða fullorðnum og hefur komið víða við á sínum ferli.

Fyrir hönd Rangárþings eystra óska ég Ingibjörgu innilega til hamingju með viðurkenninguna og vonandi eigum við eftir að njóta krafta hennar áfram um ókomin ár.

Kostnaðarmatsgreining v. sorpmála

Rangárþing eystra var eitt af fimm sveitarfélögum á Íslandi sem tók þátt í verkefni á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem sneri að greiningu á kostnaði og tekjum sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs.

Verkefnið var talsvert umfangsmikið og oft og tíðum reyndist erfitt að afla og bera saman mismunandi upplýsingar. Út frá niðurstöðunum má glögglega sjá að Rangárþing eystra, ásamt öðrum sveitarfélögum í Rangárvallasýslu eru á réttri leið með úrgangsmál þar sem umsýsla um þau er alfarið í höndum sveitarfélaganna. Með því móti næst góð yfirsýn yfir málaflokkinn og auðveldar viðbragð þegar á þarf að halda. Einnig hefur okkur tekist í okkar samlagi að auka gríðarlega verðmæti úrgangs með því að leita bestu farvega í endurvinnslu og endurnotkun.

Sorpstöðin okkar hefur mikinn metnað fyrir því að gera enn betur og til að nefna dæmi sem nú þegar eru í vinnslu er það t.d. uppsetning á sorpbrennslu á Strönd sem mun brenna óendurvinnanlegan úrgang og skila af sér varmaorku, móttaka og meðferð á seyru til landbóta og heildarendurskipulagning á grenndarstöðvum sveitarfélaganna. En stór þáttur í því hversu vel gengur hjá Sorpstöðinni í að sinna þjónustu og halda kostnaði íbúa í lágmarki, eru íbúarnir sjálfir og þátttaka þeirra í flokkun úrgangs. Það er vert að þakka fyrir og eins hvetja til þess að slá ekki slöku við í flokkun, því hún skilar sér bæði til umhverfisins og buddunnar.



Uppbygging

Áfram heldur mikil uppbygging húsnæðis í sveitarfélaginu okkar. Í Hallgerðartúni rís hvert húsið á fætur öðru og vinnuvélar hafa varla undan í jarðvinnu við það næsta. Nú er svo komið að framkvæmdir eru hafnar eða við það að hefjast á nánast öllum lóðum í því hverfi. Það er ánægjulegt því eftirspurn eftir húsnæði eykst jafnt og þétt. Í þessari stöðu má sveitarfélagið heldur ekki slá slöku við og mikilvægt fyrir okkur að geta á hverjum tíma átt gott framboð af lóðum. Nú nýverið tók gildi deiliskipulagsbreyting í Bergþórugerði þar sem aukið var talsvert við byggingarmagn. Stefnt er að úthlutun lóða í Bergþórugerði eftir áramót og að gatnagerð hefjist þar strax í vor. Þá mun opnast fjölbreytt framboð á lóðum fyrir fjölbýli, rað-, par- og einbýlishúsalóðir.

Framkvæmdir við uppbyggingu íbúða og verslunar- og þjónustuhúsnæðis á miðbæjarsvæði Hvolsvallar hafa talfast talsvert. Nú virðist þó eitthvað vera að birta til í þeim málum og hefur verktaki hafið vinnu við aðstöðusköpun framkvæmda. Einnig hefur verið skilað til byggingarfulltrúa uppdráttum af fyrstu byggingum við Vallarbraut og Bæjarbraut. Samkvæmt upplýsingum frá verktaka stendur til að hefja framkvæmdir við Vallarbraut á allra næstu dögum, en um er að ræða 10 íbúða húsnæði á tveimur hæðum.

Nú eru á lokametrum í skipulagsferli breytingar er snúa að uppbyggingu hótels við Austurveg 19. Um er að ræða 66 herbergja hótél á tveimur hæðum með tilheyrandi aðstöðu svo sem veitingasal, eldhúsi og þjónusturýmum. Samkvæmt upplýsingum frá framkvæmdaraðila er smíði eininga hússins nú þegar hafin og stefnt er að því að hótelið verði tekið í notkun í júlí á næsta ári.

Á síðasta fundi byggðarráðs Rangárþings var samþykkt áframhaldandi vilyrði til Festi hf. fyrir lóðunum við Austurveg á milli N1 og apóteksins. Festi hefur skilað inn til sveitarfélagsins tillögum að hönnun lóðanna og byggingum sem á þeim koma til með að standa. Áfram verði unnið að frekari hönnun í samráði fyrirtækisins og sveitarfélagsins. Vonast er til þess að framkvæmdir á lóðunum geti hafist á árinu 2026 og hafinn verði rekstur Krónunnar á nýrri staðsetningu árið 2027.



Starfshópur um jarðgöng til Vestmannaeyja



Starfshópur um könnun á fýsileika jarðganga milli lands og Vestmannaeyja sem undirritaður hefur setið í undanfarið ár, skilaði og kynnti skýrslu sína nú í nóvember.

Um var að ræða talsvert umfangsmikla skýrslu sem leggur til aðgerðaráætlun til þess að hægt verði að taka ákvörðun um hvort þessi möguleiki sé fyrir hendi. Í skýrslunni er lagt upp með áfangaskiptingu rannsóknarverkefna þar sem hver og einn áfangi gefur annaðhvort tilefni til að halda áfram eða að staldra við.

Hagsmunir Rangárþings eystra eru ekki síður mikilvægir í þessu verkefni og hefur þeim verið haldið á lofti í vinnu starfshópsins. Vonir standa til þess að hafist verði handa við fyrsta rannsóknarverkefnið sem allra fyrst, en í því felst kjarnaborun í Heimaey til þess að greina burðarhæfni og

þéttleika jarðlaga í Vestmannaeyjum. Skili þessi fyrsta rannsókn ásættanlegum niðurstöðum verður farið í næsta verkefni sem myndi þá verða sambærileg borun á Krossi í Landeyjum og svo koll af kolli.

Íbúafundur v. mögulegs þjóðgarðs í Þórsmörk

Starfshópur um fýsileika stofnunar þjóðgarðs í Þórsmörk hélt íbúafund í Hvolnum þann 23. október. Fundurinn var virkilega vel sóttur og sköpuðust góðar og gagnlegar umræður um málefnið.

Eins og gefur að skilja og öllum er ljóst, skipar Þórsmörk sérstakan stað í hugum okkar allra og allir hafa metnað og vilja fyrir því að svo megi vera til framtíðar. Starfshópurinn hefur nú fundað með flestum hagaðilum vegna vinnunnar og hefur sú vinna verið afar gagnleg og fræðandi. Áætlað var að starfshópurinn myndi skila skýrslu til ráðherra þann 15. nóvember með sínum tillögum. Nú er hins vegar vinna hópsins við greiningu kosta og galla verkefnisins að hefjast út frá þeim samtölum sem við höfum átt að undanfögnu.

Það er að mörgu að hyggja og er mikill vilji hópsins til þess að skila af sér vandaðri og góðri skýrslu um framtíð Þórsmerkursvæðisins. Frestur hefur verið veittur til 15. janúar til þess að skila endanlegri skýrslu til ráðherra umhverfismála.



Umhverfisþing

Umhverfisþing á vegum umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytis var haldið í Hörpu þann 5. nóvember. Umræðuefni þingsins voru annars vegar loftlagsbreytingar á breiðum grunni og áhrif þeirra á okkar samfélag og hins vegar þjóðgarðar og friðlýst svæði.

Þar sem seinna málefnið átti einkar vel við þá vinnu sem á sér stað varðandi kosti og galla stofnunar Þjóðgarðs í Þórsmörk tóku fulltrúar Rangárþings eystra úr sveitarstjórn og skipulags- og umhverfisnefnd þátt á þinginu. Þingið tókst vel og var afar upplýsandi fyrir þá sem tóku þátt.

Þó svo að umhverfismál almennt fái frekar lítið vægi í umræðu fyrir komandi alþingiskosningar, dylst það engum að um er að ræða eitt af stóru málunum til framtíðar lítið.



Ráðningar hjá sveitarfélaginu

Lokið hefur verið við ráðningu á nýjum umhverfis- og garðyrkjustjóra Rangárþings eystra.

Magnús Þór Einarsson hefur verið ráðinn til starfsins og mun hann hefja störf í byrjun desember. F.h. Rangárþings eystra býð ég Magnús velkominn til starfa.

Í sumar var auglýst laust til umsóknar starf aðstoðarmanns skipulags- og byggingarfulltrúa, en sú auglýsing skilaði ekki árangri. Nú hefur starfið verið auglýst laust til umsóknar að nýju og er umsóknarfrestur til og með 29. nóvember og hvet ég alla áhugasama um þetta spennandi starf að kynna sér það og sækja um.

Að lokum

Nú siglum við hraðbyri inn í skammdegið, dagarnir verða styttri og styttri og því tilvalið að ráðast í jólaskeytingar af miklum mót. Þar lætur sveitarfélagið sitt ekki eftir liggja og verða jólaljósir tendruð í sveitarfélaginu þann 20. nóvember með hefðbundnum hætti. Það er hátíðleg stund sem markar upphaf jólahátíðarinnar hjá mörgum íbúum sveitarfélagsins, ungum sem öldnum. Hlökkum til að sjá ykkur þar.

